

September 2021

# FORELDRAFUNDUR

*Fjölbrautaskóla Snaefellinga*

## PUNKTAR FRÁ FUNDI 31. ÁGÚST '21

Fyrir þau ykkar sem ekki sáuð ykkur ekki fært um að komast þá eru hér helstu atriði.

Við viljum hvetja ykkur til þess að fylgja okkur á okkar miðlum:

[www.fsn.is](http://www.fsn.is)

[www.facebook.com/FjolbrautaskoliSnaefellinga](https://www.facebook.com/FjolbrautaskoliSnaefellinga)

[www.instagram.com/fjolbrautaskolisnaefellinga](https://www.instagram.com/fjolbrautaskolisnaefellinga)



Þiðrik Örn Viðarsson

## UMSJÓNARKENningar NÝNEMA

Árni Ásgeirsson og Þiðrik Örn Viðarsson eru umsjónarkennarar nýnema í ár. Þeir eru nýnemum innan handar og fylgjast með námsframvindu þeirra.

Foreldrar/forráðamenn geta séð allar helstu upplýsingar um nám inn á Inna.is en þar þarf að nota íslykil eða rafræn skilríki til að komast inn.



Árni Ásgeirsson

## KENNSLA OG NÁMSMAT

Skóladagatal má finna á heimasíðu.

Kennt er eftir leiðsagnarmati þar sem nemendur eru metnir alla önnina út frá verkefnum og prófum.

Námsmat er gefið í umsögnum tvisvar sinnum yfir önnina og svo lokaeinkunn í lok annar sem má sjá á Innu.

Nemendur læra í forritinu Moodle og Teams.

## NFSN & FORELDRARÁÐ

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal starfrækt nemendafélag og foreldraráð við skólann.

Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðamálum.

Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Við óskum eftir fulltrúum í ráðið.

Áhugasamir hafi samband við [agnes@fsn.is](mailto:agnes@fsn.is)

## NÁM OG BRAUTIR

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er áfangaskóli og kennir tvær annir á skólaári - haustönn og vorönn.

Hver áfangi er kenndur í eina önn.

Námsbrautir við skólann eru:

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúru- og raunvísindabraut
- Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut
- Íþróttabraut
- Opin braut til stúdentsprófs
- Framhaldsskólabraut 1 & 2
- Starfsbraut

## ÞJÓNUSTA

Rútumiðar fást á skrifstofu skólans.

20 miðar  
15.000 krónur

Mikilvægt að sækja um jöfnunarstyrk fyrir nemendur búsetta utan Grundarfjarðar á [menntasjodur.is](http://menntasjodur.is).

Mötuneyti:

Hafragrautur er í boði skólans alla morgna.

Heitur heimilismatur í hádeginu fæst gegn gjaldi.